



Grunnskóli Hornafjarðar

Starfsáætlun

Handbók nemenda og foreldra
2021 - 2022



Sími 470 8400
gs.hornafjordur.is

Heilræði til foreldra varðandi skólagöngu barna þeirra

Skipulag

Leiðbeinið barninu og aðstoðið við að temja sér gott skipulag. Það felst meðal annars í að:

- Koma reglu á skólatöskuna og sjá til þess að í henni séu þeir hlutir sem þarf að nota í skólanum.
- Finna til fót fyrir næsta dag og taka til íþróttaföt.
- Lesa fyrir barnið, látið það lesa fyrir ykkur og segja ykkur frá.
- Hjálpa barninu að nýta mentor.is til að fylgjast með heimanámi og ljúka því áður en það verður of þreytt.
- Hvetja bæði í meðbyr og mótlæti og hjálpa barninu að temja sér jákvætt viðhorf líka þegar á móti blæs.
- Ýta undir þrautseigju og dugnað sem er lykill að farsælu námi og farsælu lífi.
- Muna að það er einstaklingsbundið hvernig fólk lærir. Hjálpa barninu að tileinka sér vinnulag sem hentar því og hjálpa því að axla smám saman ábyrgð á eigin námi.
- Tala ætíð jákvætt um skólann. Ef eitthvað kemur upp á ber að snúa sér beint til skólans en ekki láta barnið verða vart við óánægju heima fyrir.
- Jákvætt viðhorf foreldra auðveldar skólagöngu barnsins.
- Leyfa barninu að gera mistök en hjálpa því að leiðrétta þau og læra af þeim.

Það er mikilvægt að

- Hlusta og taka mark á því sem barnið segir.
- Leiðbeina barninu við að temja sér góða siði í samskiptum, hvort sem er í félagahópnum eða á netinu.
- Hvetja barnið til að bera virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum.
- Hvetja barnið til hugrekksis og sjálfstæðis en um leið virðingar við aðra.



Velliðan

- Börn og unglingar þurfa 9 – 11 klukkustunda svefn á hverri nóttu, sum heldur styttri, önnur lengri. Lengd og gæði nætursvefns hefur áhrif á námsgetu og minni og þreytt börn fá fljótt námsleiða.
- Reglulegar máltíðir með fjölbreyttum hollum mat ásamt hæfilegri hreyfingu stuðla að velliðan og árangri.
- Áhugamál og félagsleg virkni auka námsgetu. Foreldrar eru mikilvæg fyrirmynd að félagslegri virkni.
- Verndið börnin og virðið útivistartíma. Hafið hugfast að meira en 95% þess sem börn lenda í og telst óæskilegt s.s. reykingar, áfengisdrykkja, vímuefnanotkun, innbrot, hópslagsmál o.s.frv. á sér stað eftir að löglegum útivistartíma lýkur.

Rafræn heilræði

- Setjið skýrar reglur um tölvu- og snjalltækjanotkun á heimilinu.
- Gsm símar, spjaldbútur, tölvur og sambærileg tæki trufla auðveldlega nætursvefn barnsins og ættu aldrei að vera í svefnherbergjum á næturnar. Hafið hleðslutæki annars staðar en í svefnherbergjum og hlaðið tækin á næturnar.
- Mikilvægt er að setja rafrænan útivistartíma. Það er erfiðara að setja reglur eftir því sem barnið verður eldra og munið „*Netið er eins og stórborg án lögreglu*“.

Munið að unglingurinn þar jafn mikinn stuðning og nemandi í 1. bekk en á annan hátt.

Efnisyfirlit

Grunnskóli Hornafjarðar	5
Starfsáætlun - skólanámskrá	6
Heimasíða, handbók og mentor.is	7
Skólastjóri	8
Aðstoðarskólastjóri	8
Starfsmenn	8
Opnunartími skólans	9
Veikindi, leyfi og fjarvistir nemenda	10
Veikindi	10
Leyfi nemenda	10
Ófærð	11
Tapað – fundið	11
Skólaakstur og biðtími	11
Kátakot – Lengd viðvera	12
Friminútur	12
Útivistarreglur barna og unglunga	12
Svefn og svefnþörf barna	12
Meðferð bóka og kennslugagna	13
Nám og kennsla	13
Heilbrigði og velferð	13
Leið til árangurs – LTÁ	14
Menntun fyrir alla	15
Stoðþjónusta	16
Nemendaverndarráð	16
Skólahjúkrunarfræðingur og heilsugæsla	16
Náms- og starfsráðgjöf	16
Málsvári nemenda og foreldra	17
Forvarnarstefna	17
Smiðjur og val	18
Heimanám	19
Samræmd próf	19
Viðtöl og vitnisburður	20
Skólasetning og kynningarfundir	20
Nemendaráð	21
Hugmyndaráð	22
Félagsmiðstöðin Þrykkjan	22
Sérstaða skólans	23
Þrautir og keppnir	26
Legokeppnin First LEGO League	26
Nýsköpunarkeppnin	26
Skólahreysti	26
Litla upplestrarkeppnin	27
Stóra upplestrarkeppnin	27
Foreldrasýningar	27
Tónskóli	28
Samskipti grunnskólans við leikskólann Sjónarhól og FAS	28
Skólaráð	29
Foreldrafélag	29
Samstarf við foreldra og forráðamenn	30
Skólareglur Grunnskóla Hornafjarðar	30
Almennar reglur	31
Viðbrögð ef út af bregður	31
Öryggisreglur	31
Viðbrögð ef út af bregður	32
Mataræði	32
Símar, spjaldtölvur og tölvunotkun	33
Punktakerfi	34
Skólasóknarkerfi í 1. – 10. bekk - Leyfi og veikindi	34
Skólaforðun	36
Eineltisáætlun Grunnskóla Hornafjarðar	36
Reglur vegna óhappa, slysa og skemmda í Grunnskóla Hornafjarðar	37
Bekkarlistar	38
Gagnleg símanúmer	48

Grunnskóli Hornafjarðar

Virðing – metnaður – vinátta – frelsi – jákvæðni

Þessi orð tákna gildi skólans og marka grunninn að stefnu hans ásamt uppeldi til ábyrgðar, umhverfisvernd, heilsueflingu og námi við hæfi. Þessir þættir eiga það allir sameiginlegt að vilja efla ábyrgð hvers einstaklings fyrir eigin velferð og velgengni um leið og mikilvægi samvinnu og samhjálp er lagt til grundvallar. Myndin hér fyrir neðan á að vera lýsandi fyrir það starf sem á sér stað í skólanum, starf sem miðar allt að því að styrkja alla nemendur og virkja þá sem einstaklinga í samfélagi þar sem allir fá notið sín. Í skólanámskrá skólans eru þessir þættir skýrðir betur en útskýring á gildum skólans fylgir með þessari mynd.



Virðing. Í skólanum er lögð áhersla á að allir séu metnir að verðleikum og fái viðurkenningu á vinnu sinni og því sem þeir leggja sig fram við. Í skólanum er komið fram við alla af virðingu, kurteisi og réttlæti og lögð áhersla á að allir geti verið öruggir um að verða ekki fyrir ofbeldi eða áreiti og að unnið sé með það ef slíkt kemur upp.

Metnaður. Í skólanum er lögð áhersla á að allir geri sitt besta. Markið er sett hátt, allir hafa trú hver á öðrum, fólk styður hvert annað og þar ná allir góðum árangri. Lögð er áhersla á nám við hæfi og framfarir í samræmi við forsendur hvers og eins.

Vinátta. Í skólanum er lögð áhersla á og unnið með vináttu og umhyggju. Lögð er áhersla á kurteisi í samskiptum, að allir séu hlýlegir og leggi sig fram við að aðstoða hvern annan. Það hafa allir þörf fyrir vináttu og umhyggju og sömuleiðis hafa allir þörf fyrir að sýna vináttu og umhyggju.

Jákvæðni. Í skólanum er lögð áhersla á jákvætt viðhorf. Allir hafa val hverju svo sem þeir standa frammi fyrir í lífinu. Að velja að vera jákvæður er léttara og eykur líkurnar á lífshamingju. Lögð er áhersla á jákvætt og hlýlegt viðmót og að fólk geti verið glatt því glöðu fólki líður vel og það afkastar meiru.

Frelsi. Í skólanum er lögð áhersla á að hver einstaklingur hafi ákveðið frelsi og njóti réttinda sinna um leið og honum beri að sinna skyldum sínum og ganga ekki á frelsi annarra. Þannig tvinnast réttindi og skyldur órjúfánlega við frelsishugtakið.



Starfsáætlun - skólanámskrá

Í grunnskólalögum frá 2008 er kveðið á um að hver skóli skuli gefa út starfsáætlun fyrir hvert ár. Í starfsáætlun skal kveðið á um helstu atriði skólastarfsins og hvað skuli kennt í hverjum árgangi fyrir sig. Starfsáætlun skólans birtist í heild sinni á heimasíðu skólans en þessi handbók, sem einnig birtist á heimasíðunni, er stór hluti starfsáætlunarinnar. Námsáætlanir birtast á www.mentor.is í upphafi skólaárs.

Skólanámskrá er aðalstjórnartæki hvers skóla fyrir sig. Skólanámskráin er tvískipt, annars vegar almennur hluti en hins vegar bekkjarnámskrá. Skólanámskrá tekur mið af aðalnámskrá og þar eru útfærð þau gildi sem starf skólans byggir á og hvernig það svigrúm sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir er nýtt í skólanum. Í skólanámskrá á sérstaða hvers skóla því að koma skýrt fram. Skólanámskráin er ekki gefin út því hún er í sífelldri endurskoðun en hún er birt á heimasíðu skólans. Þeir sem vilja koma á framfæri ábendingum varðandi skólanámskrána eru beðnir að gera það með því að hafa samband við stjórnendur skólans eða umsjónarkennara.

Heimasíða, handbók og mentor.is

Þessi handbók hefur að geyma ýmsar gagnlegar upplýsingar um helstu þætti skólastarfsins s.s. skóladagatal, skólareglur og margt fleira. Nemendur, foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að kynna sér handbókina vel og ræða efni hennar þannig að þeir verði sem best upplýstir um skólastarfið.

Hagnýtar upplýsingar um skólann sem ekki er að finna hér má nálgast á heimasíðu skólans.

Mentor er öflugt tæki til að auka samvinnu heimilis og skóla. Foreldrar, forráðamenn og nemendur hafa aðgang að www.mentor.is og hafa lykilorð að kerfinu. Þar má nálgast ýmsar upplýsingar m.a. heimavinnu- og námsáætlanir, ástundun og einkunnir. Eins geta nemendur í samstarfi við foreldra sett þar inn upplýsingar. Ef lykilorðið hefur glatast er unnt að nálgast nýtt í skólanum.



Skólastjóri

Þórdís Sævarsdóttir skólastjóri 470 8440 thordis@hornafjordur.is

Aðstoðarskólastjórar

Eygló Illugadóttir aðstoðarskólastjóri 470 8421 eyglo@hornafjordur.is
Kristín Guðrún Gestsdóttir aðstoðarskólastjóri 470 8441 kristinge@hornafjordur.is

Starfsmenn

Alessandra K. Da Silva Trindade	skólaliði	alessandrat@hornafjordur.is
Ann Marie-Louise S Johansson	enskukennari	marie-louise@hornafjordur.is
Anna Björg Kristjánsdóttir	textilkennari	annabk@hornafjordur.is
Ása Mjöll Þorbergsdóttir	stuðningsfulltrúi + Kátakot	asamjoll@hornafjordur.is
Ásthildur Gísladóttir	skólaliði	asthildurg@hornafjordur.is
Berglind Steinþórsdóttir	sérkennari	berginds@hornafjordur.is
Björn Sigfinnsson	dönskukennari	bjorns@hornafjordur.is
Dragoljub Nikoletic	matráður	dragoljub@hornafjordur.is
Elin Magnúsdóttir	bókavörður	elinm@hornafjordur.is
Elsa Gerður Hauksdóttir	ritari + húsvörður	elsag@hornafjordur.is
Elva Björk Olgeirsdóttir	ritari + húsvörður	elvao@hornafjordur.is
Erla Þórhallsdóttir	umsjónarkennari 8.E	erlath@hornafjordur.is
Erna Gísladóttir	umsjónarkennari 6.EI	ernag@hornafjordur.is
Eva Rán Ragnarsdóttir	umsjónarkennari 7.E	evao@hornafjordur.is
Eva Ósk Eiríksdóttir	myndmenntarkennari	evao@hornafjordur.is
Eyrún Friða Árnadóttir	umsjónarkennari 3.ES	eyruna@hornafjordur.is
Fjóla Jóhannsdóttir	smíðakennari	fjolaj@hornafjordur.is
Guðjón Örn Magnússon	upplýsingatækni	gudjonm@hornafjordur.is
Guðrún Ása Jóhannsdóttir	umsjónarkennari 2.GS	gudrunasa@hornafjordur.is
Gunnhildur Lilja Gísladóttir	sérkennari	gunnhildur@hornafjordur.is
Hafdis Hauksdóttir	tónmenntakennari	hafdishauks@hornafjordur.is
Halldóra Katrín Guðmundsdóttir	umsjónarkennari 4.H	halldora@hornafjordur.is
Heiða Vilborg Sigurbjörnsdóttir	stuðningsfulltrúi + Kátakot	heidavilborg@hornafjordur.is
Heiður Sigurðardóttir	stuðningsfulltrúi	heidurs@hornafjordur.is
Herdís Tryggvina Tryggvadóttir	sérkennari	herdist@hornafjordur.is
Hulda Björg Sigurðardóttir	íþróttakennari 4.-6. bekk	huldabjorg@hornafjordur.is
Ingibjörg Karlsdóttir	skólaliði	ingibjorgk@hornafjordur.is
Ingibjörg Sveinsdóttir	umsjónarkennari 6.EI	ingibjorgs@hornafjordur.is
Ingvi Ingólfsson	íþróttakennari 7.-10.bekk	ingvi@hornafjordur.is
Jóhanna S. Sigurbjörnsdóttir	stuðningsfulltrúi + Kátakot	johannas@hornafjordur.is
Jónína Kristín Ágústsdóttir	heimilisfræði	joninakristin@hornafjordur.is
Júlía Þorsteinsdóttir	stuðningsfulltrúi	juliath@hornafjordur.is
Lena Hrönn Marteinsdóttir	náms- og starfsráðgjöf	lenam@hornafjordur.is
Lidija Timarac	skólaliði + Kátakot	lidijat@hornafjordur.is
Lovisa Ósk Jónsdóttir	stuðningsfulltrúi	lovisaj@hornafjordur.is

Nanna Dóra Ragnarsdóttir	umsjónarkennari 10.N	nanna@hornafjordur.is
Ólöf Ósk Garðarsdóttir	stuðningsfulltrúi + Kátakot	olofosk@hornafjordur.is
Rannveig Sverrisdóttir	skólaliði	rannveigs@hornafjordur.is
Rósa Áslaug Valdimarsdóttir	sérkennari	rosav@hornafjordur.is
Sejla Zahirovic	náttúrurfr + stuðningsfulltr	sejlaz@hornafjordur.is
Sigrún Bessý Guðmundsdóttir	fæðingarorlof	bessy@hornafjordur.is
Sigrún Ólöf Björgvinsdóttir	umsjónarkennari 5.S	sigruno@hornafjordur.is
Sigurbjörg Guðmundsdóttir	umsjónarkennari 3.ES	sigurbjorgg@hornafjordur.is
Sigurbjörg Karen Hákonardóttir	stuðningsfulltrúi + yfir í Kátakoti	sigurbjorgkaren@hornafjordur.is
Sigurborg Jóna Björnsdóttir	íþróttakennari 1.-3.bekk	sigurborgj@hornafjordur.is
Sólveig Bjarnadóttir	umsjónarkennari 9.S	solveigb@hornafjordur.is
Stefanía Anna Sigurjónsdóttir	þroskaþjálfari	stefanias@hornafjordur.is
Styrgerður Hanna Jóhannsdóttir	umsjónarkennari 1.S	styrgerdur@hornafjordur.is
Sunna Guðmundsdóttir	umsjónarkennari 2.GS	sunnag@hornafjordur.is
Sunna Jónsdóttir	sérkennari og málsvari	sunnajons@hornafjordur.is
Sædis Ósk Guðmundsdóttir	sérkennari	saedis@hornafjordur.is
Sæmundur Helgason	samfélagsfr + tölvukennari	saemundurh@hornafjordur.is
Valentina Orec	fæðingarorlof	valentinao@hornafjordur.is
Valgerður I R Guðmundsdóttir	umsjónarkennari 10.V	vireykjalin@hornafjordur.is
Þórdís Þórsdóttir	sérkennari	thordisth@hornafjordur.is



Opnunartími skólans

Skólinn er opnaður kl. 7.50 á morgnana. Kennsla hefst kl. 8:10 en nemendur mega koma inn strax og skólinn er opnaður. Í Hafnarskóla **ber þeim að vera í sinni heimastofu í ró og næði vilji þeir vera inni. Í Heppuskóla bíða nemendur í opnu rými á neðri hæð skólans. Verði misbrestur þar á er starfsfólki skólans heimilt að vísa nemendum út úr skólanum og jafnvel banna þeim að koma inn á morgnana í ákveðinn tíma.**

Skólinn er opin til kl. 15:30 á daginn en eftir það gæti þurft að hringja dyrabjöllu til að komast inn. Starfsmenn skrifstofu skólans eru þær Elsa Gerður Hauksdóttir og Elva Björk Olgeirsdóttir.

Sími skólans 470 8400
Skrifstofa skólans skrifstofagrunnsk@hornafjordur.is.

Veikindi, leyfi og fjarvistir nemenda

Skólaganga nemenda er á ábyrgð foreldra og forráðamanna sbr. m.a. 19. grein grunnskólalaga. **Þessir aðilar** bera ábyrgð á að nemandinn mæti í skóla samkvæmt stundaskrá með þau gögn sem hann þarf að nota.

Veikindi

Foreldrum og forráðamönnum ber að tilkynna veikindi barns á **hverjum degi sem veikindin standa**. Foreldrar og forráðamenn geta skráð veikindaforföll barna sinna á eigin aðgangssvæði á mentor.is. Tíð veikindi nemenda geta leitt til þess að leitað verði eftir frekari skýringum og leiðum til úrbóta. Slíkt er gert í samráði við og undir stjórn skólahjúkrunarfræðings. Ef barn er veikt í einhvern tíma verða foreldrar og forráðamenn að meta hvort það getur lært í veikindunum og nálgast þeir þá námsefni handa barni sínu. Sé um langvarandi veikindi eða sjúkráhúslegu að ræða eru málin leyst í samvinnu heimilis og skóla.

Sérstaklega er áriðandi að nemendur í dreifbýli láti bílstjóra vita um forföll svo ekki sé um óþarfa akstur að ræða.

Leyfi nemenda

Æskilegt er að fjarvistum nemenda vegna ferðalaga eða annarra erinda sé haldið í lágmarki því að erfitt getur reynst að vinna upp það sem tapast úr námi auk þess sem fjarvistir hafa áhrif á félagslega stöðu nemenda. Í skólanum er fylgst vel með skólasókn nemenda og eru foreldrar reglulega látnir vita um mætingar barna sinna. Þurfi foreldrar að fara í burtu með barn á skólatíma þá er þeim bent á að skoða skóladagatalið því nokkrum sinnum yfir veturinn koma langar helgar.

Foreldrar og forsjáraðilar geta sótt um leyfi fyrir 1 - 2 daga símleiðis til umsjónarkennara eða skólastjórna. Öll leyfi eru á ábyrgð forsjáraðila og skuli þeir sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan á leyfi stendur. Skólanum er ekki skylt að gera sérstakar ráðstafanir vegna leyfa. **Sé óskað eftir leyfi fyrir nemanda í 3 daga eða lengur skal sótt um það á sérstöku eyðublaði sem er að finna á heimasíðu skólans.** Hafa ber í huga að skólaganga er fullt starf sem krefst einbeitingar og góðrar mætingar.

Þegar um lengri leyfi er að ræða er nauðsynlegt að foreldrar semji við barnið um að vera búið að vinna sem mest af sér fyrir ferðina af því sem hægt er. Það reynist nemendum alltaf erfitt að koma heim og vera langt á eftir. Heimkoma hjá einstaka nemendum getur verið snúin því það tekur tíma að komast aftur inn í rútínuna og mikilvægt að fylgja nemendum eftir. Það skapar gjarnan kvíða að fara aftur af stað og takast á við verkefni hversdagsins. Svo finnst krökkum þeir líka stundum utangátta í félagahópnum eftir frí og það tekur á suma að ná jafnvæginu aftur.

Ófærð

Að fella niður kennslu vegna veðurs er neyðarúrræði. Komi ekki tilkynning frá skólanum um slíkt en veðurútlit er slæmt verða foreldrar og forráðamenn að meta hvort ástæða sé til að halda börnum sínum heima. Slík forföll ber að tilkynna eins og önnur forföll. Ef óveður skellur á meðan á skóla stendur þurfa foreldrar og forráðamenn að sækja börn sín eða tryggja heimför þeirra á annan hátt.

Tapað – fundið

Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að merkja vel fatnað bara sinna, ekki síst yfirhafnir, húfur og vettlinga. Óskilamuna má vitja í skóla-húsunum, sundlaug og íþróttahúsi. Fatnaður sem ekki er sóttur er árlega gefinn RKÍ. **Skólinn tekur enga ábyrgð á tölvum eða snjalltækjum (símar, spjaldtölvur o.fl.) sem nemendur taka með sér í skólann og eru þau alfarið á ábyrgð nemenda og foreldra.**



Skólaakstur og biðtími

Nemendur úr dreifbýli eru sóttir heim á bæi. **Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn láti bílstjóra vita ef nemandi í akstri mætir ekki í skólann.**

Kennslu í 1. – 3. bekk lýkur kl. 13:10, í 4. bekk kl. 13:30 og kennslu í 5. – 10. bekk lýkur kl. 14:20. **Skólabílar fara frá skólanum kl. 14:25.** Þeir nemendur í 1. – 4. bekk sem eru í skólaakstri bíða í Kátakoti fram að skólaakstri. Þeir fá þar ávaxtabita og býðst að sinna heimanámi eða fara í tómstundir allt eftir því sem hentar hverju sinni.

Nemendur á Höfn eru hvattir til að koma á hjólum í skólann meðan birta og færð leyfa en minnt er á hjálmanotkun og mikilvægi endurskinsmerkja.

Nemendum ber að nota öryggisbelti í skólaakstri.

Samskipti í skólabílum skulu grundvallast á almenntri kurteisi og tillitssemi og ber nemendum að hlýða bílstjórum. Að öðru leyti er vísað til skólaaakstursreglna.

Kátakot – Lengd viðvera

Boðið er upp á vistun í Kátakoti fyrir nemendur í 1. – 4. bekk frá kl. 13:10 – 16:00 virka daga á starfstíma skólans. Starfsemin er til húsa í lausum kennslustofum á skólalóð Hafnarskóla og neðstu hæð Vöruhússins og Þrykkjunni. Þar hafa nemendur tækifæri til að vera í heimilislegu umhverfi, fást við fjölbreytta dægradvöl og slaka á eftir eril dagsins. Þar fá þeir hressingu og geta farið í ýmsar tómstundir í íþróttahúsi, sundlaug og tónskóla.

Beinn sími í Kátakoti er 470 8448. Skráning í Kátakot fer fram á staðnum eða hjá ritara. Hægt er að nálgast eyðublöð og frekari upplýsingar um Kátakot á heimasíðu skólans.

Frímínútur

Í 1. – 6. bekk fara allir nemendur út í öllum frímínútum og því er lögð áhersla á að þeir komi klæddir í samræmi við veður. **Má þar minna á að regngalli er nauðsynlegur hlífðarfatnaður hverju hornfirsku barni.** Nemendur eru hvattir til að nýta sér skólalóðina til hreyfingar og leikja og koma með bolta, sippubönd og annað sem stytt getur stundir og aukið ánægju í frímínútum. Í ákveðnum frímínútum geta nemendur í 1.- 6. bekk farið á ærslabelginn og í Bárúna og nýtt sér þá aðstöðu til leikja.

Í 7. – 10. bekk mega nemendur vera inni í frímínútum svo framarlega sem þeir sýna tillitssemi og kurteisi í umgengni en þeir eru þó hvattir til útveru og hreyfingar. Aðstaða við Heppuskóla er mjög góð, þar er knattspyrnuvöllur og körfuknattleiksvöllur og stutt er í frjálsíþróttavöllinn, æfingataeki og ærslabelginn.

Útivistarreglur barna og unglunga

Kveðið er á um leyfilegan útivistartíma barna og unglunga í Barnaverndarlögum. Yfir vetrartímann skulu börn yngri en 12 ára ekki vera á almannafæri eftir kl. 20:00 nema í fylgd fullorðinna. Börn á aldrinum 13 – 16 ára skulu ekki vera á almannafæri eftir kl. 22:00 nema þau séu á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Yfir sumartímann lengist þessi tími um tvær klukkustundir.

Við viljum einnig minna á mikilvægi rafræns útivistartíma, sjá „Heilræði til foreldra“ hér að framan.

Svefn og svefnþörf barna

Starfsfólk Grunnskóla Hornafjarðar hvetur foreldra til að fara eftir útivistarreglum og minna á að svefnþörf flestra barna í 1. - 10. bekk er 9 - 11 klst. á sólarhring. Þreytt og illa sofin börn eru ekki líkleg til að tileinka sér það sem fram fer í skólanum og mun líklegra að þau finni til skólaleiða.

Meðferð bóka og kennslugagna

Öll ritföng og flest námsgögn hvort heldur sem það eru bækur eða annarskonar námsgögn fá nemendur í skólanum en lögð er áhersla á góða umgengni um námsgögnin. Foreldrar þurfa að útvega skólatösku fyrir börn sín. Mikilvægt er að skólatöskurnar fari vel með námsbækur og bak nemenda. Í því sambandi má minna á að æskilegt er að þyngd skólatösku fari ekki yfir 10% af þyngd nemanda. Nemendur í 7. - 9. bekk fá iPada til einkanota í skólanum. Hafi þeir áhuga á að taka iPadinn með sér heim þá geta þeir keypt hann og notað hann jafnt heima og í skóla.

Ef nemendur týna eða eyðileggja gögn sem skólinn á, ber þeim að greiða fyrir þau.

Nám og kennsla

Mikilvægasti þáttur skólastarfsins er nám barnanna. Ekki er gert upp á milli námsgreina í Grunnskóla Hornafjarðar og þar eru handiðnir, listir, félagsfærni og íþróttir metnar til jafns við bóklegar greinar.

Fyrstu árin er mikil áhersla á að aðstoða nemendur við að tileinka sér grunnfærni í lestri, skrift og stærðfræði, þar sem annað og flóknara nám byggir á þessum þáttum. Öll grunnskólaárin er unnið með þessa námsþætti en smám saman vega aðrir þættir þyngra.

Í skólanum er lögð áhersla á að sinna námsþörfum allra nemenda. Það er gert með fjölbreyttum kennsluháttum og teymisvinnu starfsfólks.

Til að sem bestur árangur náist skiptir samstarf heimilis og skóla sköpun og mikilvægi gagnkvæms trausts verður aldrei ofmetið. Lestrarkennsla fer t.a.m. aðallega fram í skólanum en þjálfunin á sér að mestu stað heima. Áhugi á námi barnsins og jákvæð viðhorf á heimili til skólagöngu og menntunar eru líklegri til að skila sér í betra gengi nemandans í skólanum.

Heilbrigði og velferð

Ein af meginstöðum Grunnskóla Hornafjarðar er sú vinna er lítur að heilbrigði og velferð (HOV) nemenda og annarra aðila skólasamfélagsins. Til grundvallar þeirri vinnu liggur uppeldisstefna skólans, uppeldi til ábyrgðar, heilsuefandi grunnskóli og skóli á grænni grein sem snýr fyrst og fremst að umhverfismálum og sjálfbærni. Starfandi er teymi innan skólans sem vinnur að HOV og sitja í því bæði nemendur og starfsmenn.

Í heilbrigði og velferð rúmast flest það sem stuðlað getur að farsælum þroska nemenda bæði andlega, líkamlega og félagslega. Í skólanum er unnið að því að efla með nemendum þekkingu á eigin þörfum og hjálpa þeim að finna uppbyggilegar og jákvæðar leiðir til að sinna þeim. Þegar það tekst verða öll samskipti auðveldari og ánægjulegri. Í skólanum er einnig unnið að

vitundarvakningu um þá þætti sem eft geta heilbrigði einstaklingsins á víðum grunni og mikið er lagt upp úr hreyfingu, hollri næringu og góðri hvíld í því skyni, margvísleg virkni, fræðsla og forvarnir eru liðir í þeirri vinnu. Einnig er rík áhersla lögð á það í starfi skólans að þekkja og njóta nánasta umhverfis og öðlast skilning á mikilvægi virðingar og varfærni í umgengni við náttúruna.

Nýr vinkill hjá HOV eru Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmiðin taka á öllum þáttum heilbrigðis og velferðar auk margra annarra og í skólanum er nú hafin vinna við að tengja heimsmarkmiðin við skólastarfið.



Leið til árangurs – LTÁ

Eitt af meginmarkmiðum skólastarfs er að allir nemendur nái sem bestum árangri. Í skólanum er starfandi teymi sem vinnur sérstaklega að þessu markmiði og gengur það undir nafninu Leið til árangurs (LTÁ). Sérstök áhersla var á lestur og stærðfræði í upphafi en nú er markmiðið að horfa meira til alls náms hjá nemendum. Mikil áhersla er á að skólinn þjóni öllum nemendum og áherslur menntunar fyrir alla því í fyrirrúmi. Fjölbreyttar kennsluáðferðir skipta þar miklu máli og er þá litið bæði til þess sem kennarinn gerir en ekki síður þess sem nemandinn hefur kost á að gera. Áhersla á spjaldtölvuvæðingu en jafnframt aukna hreyfingu í skólastarfi skiptir þar máli.

Í skólanum er lögð áhersla á að gera kennsluna markvissari bæði með aukinni áherslu á markmið og að nemendur þekki þau markmið sem þeir eru að vinna að en einnig með markvissara námsmati. Það er mikilvægt fyrir nemendur að vita til hvers er ætlast af þeim og þeir verða að vita hvernig þeir verða metnir. Sjónum hefur ennfremur verið beint að því að efla skimanir fyrir hugsanlegum námserfiðleikum og veita þeim nemendum sem þurfa frekari eftirfylgni í kjölfar þeirra svo best verði hægt að styrkja nemendur og efla í

sínu námi. LTÁ eða leið til árangurs er langtíma verkefni sem tekur sífelldum breytingum í takt við áherslur í skólastarfi hverju sinni.

Sérstök áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra í Leið til árangurs. Stuðningur foreldra við barnið skiptir höfuðmáli í námi þess og þegar kemur að því að bæta árangur, ekki síst þegar kemur að lestrarþjálfun nemenda og því er lögð áhersla á að virkja þá sem mest í lestrarþjálfuninni og í þjálfun í grunnatriðum stærðfræði. Þar að auki er gott samstarf heimilis og skóla lykill að farsælli skólagöngu barns.

Menntun fyrir alla

Í Grunnskóla Hornafjarðar er lögð áhersla á að allir nemendur fái menntun við hæfi svo þeim fari stöðugt fram í námi og þroska. Nemendahópurinn samanstendur af ólíkum einstaklingum sem búa yfir mismunandi hæfileikum og áhugasviðum. Þessi fjölbreytti hópur tileinkar sér nýja þekkingu og færni á mismunandi hátt. Til að koma sem best til móts við fjölbreyttan nemendahóp er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, teymisvinnu og vinnufyrirkomulag í kennslustundum sem mætir ólíkum þörfum nemenda. Nemendur þjálfast smám saman í að setja sér markmið, skipuleggja tíma sinn vel og taka ábyrgð á eigin námi.

Kennarar í samstarfi við nemendur og foreldra greina stöðu hvers og eins bæði í hefðbundnum námsgreinum og lykilhæfnipáttum aðalnámskrár, til að geta sem best komið til móts við þarfir nemandans og í framhaldinu lagt fram viðfangsefni við hæfi.



Stoðþjónusta

Stoðþjónusta fer fram á ýmsum stöðum í skólanum og höfð er að leiðarljósi meginreglan um stoðþjónustu, sem veldur sem minnstri aðgreiningu frá öðrum nemendum og er þjónustan löguð að þörfum hvers og eins líkt og annað skólastarf.

Stoðþjónustan á að vera fyrir alla og er jafnt fyrir þá sem eru að standa sig vel og þá sem eiga við námsvanda að stríða en viljinn til að vinna og bæta sig þarf að vera í fyrirrúmi.

Skólinn nýtur þjónustu talmeinafræðings og skólasálfræðings auk þess að vera í samstarfi við ýmsa aðra greiningar- og meðferðaraðila. Nánari upplýsingar um stoðþjónustu má finna á heimasíðu skólans.

Telji foreldrar og forráðamenn að barn þeirra þurfi stuðning af einhverju tagi hafa þeir samband við umsjónarkennara sem vísar málinu til réttra aðila.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er starfandi við skólann og aðstoðarskólastjórar sjá um að boða til funda í því. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Nemendaverndarráð hefur samráð við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda ef þurfa þykir.

Skólahjúkrunarfræðingur og heilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur kemur í skólann einu sinni til tvisvar í viku. Þeir tímar eru auglýstir á heimasíðu skólans ásamt nánari upplýsingum um starfssvið skólahjúkrunarfræðings. Þurfi nemendur á lyfjagjöf að halda á skólatíma þá fer hún alltaf fram fyrir milligöngu skólahjúkrunarfræðings.

Náms- og starfsráðgjöf

Í Grunnskóla Hornafjarðar er starfandi náms- og starfsráðgjafi. Nemendur geta leitað til náms- og starfsráðgjafa með öll þau málefni sem liggur þeim á hjarta bæði er varðar nám og starfsval, námstækni og vinnubrögð auk persónulegra mála. Námsráðgjöfin er þjónusta fyrir nemendur skólans og fer fram í trúnaði.

Dæmi um málefni sem hægt er að leita með til náms- og starfsráðgjafa eru mál sem tengjast framhaldsnámi, námsleiðum, námstækni, vinnubrögðum, skipulagningu, einbeitingu, námsleiða, námserfiðleikum og prófkvíða. Einnig geta nemendur leitað til náms- og starfsráðgjafa ef þeim líður illa í skólanum eða heima, ef þeir eru einmana, þeim er strítt, ef þeir verða fyrir einelti, finna fyrir kvíða eða depurð eða eiga í erfiðleikum með samskipti við fjölskylduna, kennarana eða bekkjarfélagana.

Málsvari nemenda og foreldra

Við skólann er starfandi málsvari nemenda og foreldra og vinnur hann ásamt öðrum starfsmönnum skólans að ýmsum velferðarmálum sem tengjast nemendum og foreldrum. Málsvari er tengiliður skólans við foreldrafélag og vinnur að því að styrkja samstarf heimilis og skóla. Málsvari vinnur bæði með einstaklingum og hópum ásamt því að vera hluti af stoðþjónustu skólans. Auk þess að tala máli nemenda og foreldra sem þess þarfnast og veitir foreldrum ráðgjöf og stuðning. Einnig sinnir málsvari fyrirbyggjandi starfi með nemendum og foreldrum svo skólagangan verði farsæl. Foreldrar eða nemendur geta leitað beint til málsvara eða verið vísað til hans af kennurum eða skólastjórnendum.

Forvarnarstefna

Forvarnarstefna Grunnskóla Hornafjarðar byggir á Aðalnámskrá grunnskóla en þar segir að vinna skuli að forvörnum og heilsuefingu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri velliðan nemenda skólans. Einn veigamesti þátturinn í forvarnavinnu skólans er fræðsla og samvinna við foreldra auk þeirra gilda og hugmyndafræði sem skólinn starfar eftir.

Markmið með forvörnum er að:

- stuðla að öflugum foreldrasamstarfi
- stuðla að heilbrigðum lífsháttum
- stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og lífssýn
- styrkja félagsfærni
- efla og styrkja nemendur í eigin námi á þeirra forsendum
- efla virðingu einstaklingsins fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

Leiðir að markmiðum:

- Fræðsla til foreldra/forráðamanna þar sem meðal annars er lögð áhersla á geðrækt (tilfinningaleg heilsa og velliðan), útivistartíma, ábyrga tölvunotkun, hegðun, viðhorf, hollustu og heilbrigði, tóbaks- og vímuefnavarnir og fordóma.
- Að stuðla og hvetja til eftirlits og eftirfylgni foreldra/forráðamanna varðandi skólagöngu og heimanám.
- Að hvetja til heilsuræktar, geðræktar og jákvæðs lífsstíls meðal nemenda.
- Fræðsla til starfsfólks skólans.
- Fræðsla til nemenda skólans samkvæmt forvarnaráætlun skólans.
- Starfsfólk grunnskólans sameinast um að vinna eftir forvarnaráætlun sem sett hefur verið upp.



Smiðjur og val

Nemendur fara í list- og verkgreinar nokkrum sinnum í viku og kallast það smiðjur. Í smiðjum er unnið í textíl, myndmennt, heimilisfræði, smíðum, Fab-lab og leiklist og fer það eftir aldri nemenda hvað í boði er og hversu mikið val nemendur hafa innan smiðjanna. Auk þess fá nemendur í 7. – 10. bekk klukkustunda valtíma í viku og eru viðfangsefnið þá misjöfn, en almennt er skipt um val á átta vikna fresti. Nemendur í 9. og 10. bekk geta valið sér sameiginlega viðfangsefni í samfélags- og náttúrufræði. Nemendum í 10. bekk gefst kostur á að velja bóklegar greinar á framhaldsskólastigi, sú kennsla fer fram í FAS.

Í 10. bekk fá nemendur kynningu á framhaldsnámi og fara auk þess í starfskynningar á ýmsa staði í sveitarfélaginu og kynnast þar ýmsum starfsmöguleikum. Náð samstarf hefur verið við ýmis fyrirtæki og stofnanir vegna starfskynninga og þá hafa mörg fyrirtæki og stofnanir verið skólanum innan handar í starfsnámi einstakra nemenda.



Heimanám

Þótt mestur hluti námsins eigi sér stað í skólanum eru alltaf ákveðnir þættir sem þarf að þjálfast heima frá 1. – 10. bekk. Þar er lesturinn mikilvægastur. Flest börn þurfa mikla æfingu í lestri og mikilvægt að foreldrar og forráðamenn taki virkan þátt í lestrarnámi barna sinna til að tryggja að skólagangan nýtist þeim sem skyldi. Auk lesturs eru ýmsir námsþættir þjálfaðir heima en lögð er áhersla á að heimanámið sé tengt vinnunni í skólanum.

Á www.mentor.is er hægt að nálgast heimavinnu- og námslotur nemenda og lögð er áhersla á að nemendur noti mentor til að skoða heimavinnu frá upphafi skólagöngu. Hver forráðamaður fær aðgangsorð þar sem hægt er að skoða námslotur allra nemenda á heimilinu á sömu slóð. Þar geta forráðamenn líka séð aðgangsorð barna sinna og leiðbeint þeim með það hvernig á að nota mentor.

Lögð er áhersla á það í öllum árgöngum, að heimanám nemenda sé fært inn á www.mentor.is og námslotur vetrarins séu einnig aðgengilegar þar. Í námslotunum koma fram markmið námsins í hverri grein, kennsluefni, lokaskil verkefna og námsmat. Í námslotum í 7. – 10. bekk er áætlað hvað á að vinna í hverri viku fyrir sig.

Samræmd próf

Samræmd próf eru lögð fyrir þrisvar á grunnskólaferlinum í öllum íslenskum grunnskólum. Í byrjun 4. og 7. bekkjar er prófað í íslensku og stærðfræði og á vorönn í 9. bekk er prófað í íslensku, stærðfræði og ensku.

Litið er á samræmdu prófin sem greiningarpróf og eru þau notuð til að sjá hvar hægt er að gera betur. Í þessum bekkjum er reynt að láta prófin trufla almennt skólastarf sem minnst. Þó er lögð áhersla á að nemendur hafi fengið að taka sambærileg próf áður en farið er í samræmdu prófin sjálf.



Viðtöl og vitnisburður

Skólaárinu er þrískipt. Haustönn lýkur í nóvember, vetrarönn í febrúar og með vorönn lýkur skólaárinu. Í upphafi hverrar annar eru viðtöl við nemendur og foreldra og í lok hverrar annar fá nemendur vitnisburð. Ferilmappa nemenda er notuð í vitnisburði nemenda en hún hefur að geyma ýmis gögn sem tengjast námsferli nemandans. Í tengslum við foreldraviðtölin vinna nemendur og foreldrar/forráðamenn sjálfsmat nemenda á rafrænan hátt á www.mentor.is. Með sjálfsmati nemenda koma nemendur að mati á náminu og gera áætlun um framhaldið. Þar kemur líka fram hvernig nemendum líður í skólanum og fleira sem nýtist til að gera skólagöngu nemenda sem árangursríkasta. Þannig getur sjálfsmatið nýst sem góður grunnur að foreldra- og nemendaviðtali og eykur möguleikana á samstarfi nemenda, foreldra og kennara.

Kennarar hafa fastan viðtalstíma og er hann skráður á stundatöflu nemenda, á www.mentor.is en foreldrum er velkomið að hafa samband hvenær sem er á skólatíma og geta ritarar þá tekið skilaboð. Oftast er hægt að ná í skólastjórnendur á milli kl. 8:00 og 16:00.



Skólasetning og kynningarfundir

Foreldrar, forráðamenn og nemendur eru boðaðir til skólasetningarviðtals hjá umsjónarkennara í upphafi skólaárs. Í þessum viðtölum geta foreldrar, forráðamenn og nemendur rætt við umsjónarkennara sem mun m.a. fara yfir helstu áherslupætti vetrarins og þá þætti sem snúa fyrst og fremst að nemandanum sjálfum. Kynningarfundir þar sem fjallað er um sameiginleg mál hvers bekkjar eru síðan haldnir á fyrstu vikum skólaársins.

Félags- og tómstundastörf

Ýmislegt er gert sér til skemmtunar í skólanum og er það hluti af náminu. Mikil hjálfun felst í því að standa fyrir framan samnemendur sína og taka þátt í leiksýningu eða öðrum atriðum. Því er lögð áhersla á að öllum nemendum gefist kostur á því, helst nokkrum sinnum á ári. Það gerist m.a. á vikuhátíðum, bekkjarkvöldum, árshátíðum eða öðrum skemmtunum á vegum skólans.

Nokkrir fastir viðburðir fyrir utan skólatíma eru yfir skólaárið auk bekkja- og foreldrakvölda. Þar má nefna:

- Haustfagnaður fyrir 8. – 10. bekk í september.
- Árshátíð fyrir alla nemendur skólans í október.
- Jólaskemmtun fyrir 8. – 10. bekk í desember.
- Dansleikur fyrir nemendur og foreldra í 8. – 10. bekk í tengslum við danskennslu.
- Vorhátíð fyrir 7. – 10. bekk í maí.

Nemendaráð

Í 7. – 10. bekk kjósa nemendur fulltrúa í nemendaráð í byrjun hvers skólaárs. Nemendaráð vinnur að félagslífi nemenda, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra og einbeitir sér fyrst og fremst að félagslífi nemenda á skólatíma og skipulagi skólans. Þrykkjuráð sér um að skipuleggja félagslíf nemenda fyrir utan skólann. Með nemendaráðinu vinnur einn af kennurum skólans.



Hugmyndaráð

Í 1. – 6. bekk kjósa nemendur fulltrúa í hugmyndaráð í byrjun hvers skólaárs. Hugmyndaráð vinnur að félagslífi nemenda, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra og einbeitir sér fyrst og fremst að félagslífi nemenda á skólatíma og skipulagi skólans. Með hugmyndaráðinu vinnur einn af kennurum skólans.



Félagsmiðstöðin Þrykkjan

Góð samvinna er milli skólans og Þrykkjunnar og er um ákveðna verkaskiptingu að ræða. Í Þrykkjunni fer fram mest allt klúbbastarf. Starfsfólk Þrykkjunnar heldur utan um félagslíf utan skólatíma og styður skólinn við þá vinnu. Í skólanum er lögð meiri áhersla á að vinna með skólabraginn, samskipti almennt og að vera virkur í samfélaginu.



Sérstaða skólans

Náttúra og umhverfi Grunnskóla Hornafjarðar og það að búa í næsta nágrenni Vatnajökulsþjóðgarðs, skapar skólanum sérstöðu. Á vegum skólans er farið í náms- og vettvangsferðir í öllum árgöngum. Ferðirnar lengjast og verða umfangsmeiri eftir því sem nemendur eldast.

Náms- og vettvangsferðir eru hluti af skyldunámi nemenda og í þeim þurfa **nemendur einungis að greiða uppihald** en annar kostnaður greiðist af skólanum. Uppihald telst sá kostnaður sem fellur til vegna fæðis og gistingar. Allar ferðir skólans teljast til náms- eða vettvangsferða utan útskriftarferðar í 10. bekk og skíðaferðar í 6. og 8. bekk sem kallast skólaferðalög. Foreldrar bera allan kostnað af útskriftarferð utan launakostnað og gildir hið sama um skíðaferðirnar þótt skólinn taki að hluta til þátt í ferðakostnaði þar.

Hér fyrir neðan er greint frá helstu ferðum á vegum skólans.

1. bekkur - dagsferðir.
2. bekkur - dagsferðir.
3. bekkur – dagsferðir.
4. bekkur – dagsferð í Geitafell.
5. bekkur - tveggja daga námsferð í Suðursveit að hausti, dagsferð í Ingólfshöfða.
6. bekkur – tveggja daga námsferð í Örfæin að hausti. Skíðaferðalag í Oddsskarð.
7. bekkur - Skólabúðir að Reykjum í Hrótafirði. Þátttaka í First Lego League og keppnisferð því tengd.
8. bekkur - Skíðaferðalag í Oddsskarð með heimsókn í Verkmenntaskóla Austurlands.
9. bekkur - Skólabúðir að Laugarvatni.
10. bekkur - Þriggja daga námsferð á Lónsöræfi að hausti. Tveggja daga útskriftarferð að vori.



Skóladagatal 2021 - 2022

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 S		1 M	Lónsóræfi 10. bekkur	1 F		1 M		1 M	Fullveldisdagurinn	1 L	Nýársdagur	1 Þ		1 Þ	Spengidagur	1 F		1 S	Verkalyðsdagurinn	1 M	Útskriftarferð 10. bekkjar
2 M	Fridagur verslunarmanna	2 F	Lónsóræfi 10. bekkur	2 L		2 Þ		2 F	Fullveldisfagnaður í 8.-10. b	2 S		2 M		2 M	Óskudagur	2 L		2 M		2 F	Skólasit
3 Þ		3 F	Lónsóræfi 10. bekkur	3 S		3 M		3 F		3 M		3 F		3 F		3 S		3 Þ		3 F	Skipulagsdagur
4 M		4 L		4 M		4 F		4 L		4 Þ		4 F		4 F		4 M		4 M		4 L	
5 F		5 S		5 Þ		5 F	Viðtalsdagur	5 S		5 M		5 L		5 L		5 Þ		5 F		5 S	Hvítasunnudagur
6 F		6 M		6 M		6 L		6 M		6 F	brettándinn	6 S	Dagur leikskólans	6 S		6 M		6 F		6 M	Annar í Hvítasunnu
7 L		7 Þ		7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 M		7 M		7 F		7 L		7 Þ	Skipulagsdagur
8 S		8 M	Dagur læsis	8 F		8 M	Vetrarfrí	8 M		8 L		8 Þ		8 Þ	Samræmt pr. isl. 9. bekkur	8 F		8 S		8 M	Skipulagsdagur
9 M		9 F		9 L		9 Þ	Vetrarfrí	9 F		9 S		9 M		9 M	Samræmt pr. stæ. 9. bekk	9 L		9 M	Laugarvatn 9. bekkur	9 F	
10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 F		10 M		10 F		10 F	Samræmt pr. enska 9. bekk	10 S	Pálmásunnudagur	10 Þ	Laugarvatn 9. bekkur	10 F	
11 M		11 L		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F	Viðtalsdagur Dagur íslenska táknaðsins	11 F	Skipulagsdagur	11 M		11 M	Lokaverkefni 10. bekkjar hefst	11 L	
12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 L		12 L		12 Þ		12 F	Laugarvatn 9. bekkur	12 S	Sjómánnadagurinn
13 F		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 S		13 S		13 M		13 F	Laugarvatn 9. bekkur	13 M	
14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 M	Vetrarfrí	14 M	Dagur stærðfræðinnar	14 F	Skírdagur	14 L		14 Þ	
15 S		15 M		15 F	Menntakvika	15 M		15 M		15 L		15 Þ	Vetrarfrí	15 Þ		15 F	Föstudagurinn langi	15 S		15 M	
16 M	Skipulagsdagur	16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 S		16 M		16 M		16 L		16 M		16 F	
17 Þ	Skipulagsdagur	17 F	Skipulagsdagur Haustþing	17 S		17 M		17 F		17 M	Skipulagsdagur	17 F		17 F		17 S	Páskadagur	17 Þ		17 F	Lýðveldisdagurinn
18 M	Skipulagsdagur	18 L		18 M	Baráttudagur gegn einelti	18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 F		18 M	Annar í páskum	18 M		18 L	
19 F	Skipulagsdagur	19 S		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 L		19 L		19 Þ		19 F		19 S	
20 F	Skipulagsdagur	20 M		20 M	Árshátíð	20 L	Dagur mannréttinda barna	20 M	Stofujóli	20 F		20 S	Konudagur	20 S		20 M		20 F		20 M	Sumarfrí
21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ		21 F	Bóndadagur	21 M		21 M		21 F	Sumardagurinn fyrsti	21 L		21 Þ	Sumarfrí
22 S		22 M		22 F		22 M		22 M		22 L		22 Þ		22 Þ		22 F	Skipulagsdagur	22 S		22 M	Sumarfrí
23 M	Skólaásetningarvítöl	23 F	Hautfagnaður í 8. - 10. b	23 L	Fyrsti vetrardagur	23 Þ		23 F		23 S		23 M		23 M		23 L		23 M		23 F	Sumarfrí
24 Þ	Skólaásetningarvítöl	24 F		24 S		24 M		24 F	Aðfangadagur jóla	24 M	Dansvika	24 F	Starfskynningar hefjast í 10. bekk	24 F		24 S		24 Þ		24 F	Sumarfrí
25 M		25 L		25 M	Skipulagsdagur	25 F		25 L	Jóladagur	25 Þ	Dansvika	25 F		25 F		25 M		25 M	Vorfagnaður í 7. - 10. b	25 L	
26 F		26 S	Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ		26 F		26 S	Annar í jólum	26 M	Dansvika	26 L		26 L		26 Þ		26 F	Uppþigningardagur	26 S	
27 F		27 M		27 M		27 L		27 M		27 F	Dansleikur í 8. - 10. b	27 S		27 S		27 M		27 F		27 M	Sumarfrí
28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ		28 F	Dansvika	28 M	Bolludagur	28 M		28 F		28 L		28 Þ	Sumarfrí
29 S		29 M		29 F		29 M		29 M		29 L				29 Þ		29 F		29 S		29 M	Sumarfrí
30 M		30 F		30 L		30 Þ		30 F		30 S				30 M		30 L		30 M	Sýning á lokaverkefni 10. bekkjar	30 F	Sumarfrí
31 Þ				31 S				31 F		31 M				31 F				31 Þ	Útskriftarferð 10. bekkjar		
9		21		21		20		14		19		18		22		13		23		180	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólaljóða í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Þrautir og keppnir

Í skólanum er keppt í ýmsum greinum m.a. í upplestri, nýsköpun, Lego og íþróttum. Þessar keppnir hvetja nemendur til dáða og efla samstöðu þeirra.

Legokeppnin First LEGO League

Markmið með keppninni er að vekja áhuga grunnskólanema á vísindum og tækni ásamt því að byggja upp sjálfstraust þeirra og leiðtogahæfni. LEGO – hönnunarkeppnin er alþjóðleg keppni sem samanstendur af þrautum þar sem keppendur smíða vélmenni úr tölvustýrðu LEGO, vinna vísindalega rannsókn og kynna hana með fyrirlestri. Allir nemendur í 7. bekk undirbúa sig fyrir keppnina.



Nýsköpunarkeppnin

Á hverju ári taka nemendur skólans þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskóla. Tilgangur með Nýsköpunarkeppninni er að efla frumkvæði og sköpunarkraft barna.

Skólahreysti

Nemendur í 9. og 10. bekk taka þátt í Skólahreysti. Tilgangur Skólahreysti er að efla líkamshreysti nemenda og stuðla að aukinni hreyfingu og íþróttaiðkun innan skólanna.

Litla upplestrarkeppnin

Litla upplestrarkeppnin er haldin í 4. bekk og byggir hún á markmiðum Stóru upplestrarkeppninnar sem haldin er reglulega í 7. bekk. Meginmarkmið keppninnar er að nemendur flytji íslenskt mál sjálfum sér og öðrum til ánægju og að þeir hafi vandvirkni og virðingu að leiðarljósi við flutninginn. Keppnishugtakið felur eingöngu í sér það markmið að keppa við sjálfan sig, að vera betri í dag en í gær.



Stóra upplestrarkeppnin

Nemendur í 7. bekk taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin er ár hvert og hefst á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Tilgangur hennar er að hvetja nemendur til að lesa upphátt og efla góðan upplestur. Fátt er skemmtilegra en að hlusta á vel fluttan texta bæði í bundnu og óbundnu máli. Lokahátíð keppninnar er haldin í tengslum við afmælisdag Þórbergs Þórðarsonar frá Hala, 12. mars.

Foreldrasýningar

Að lokinni þemavinnu eða opnum dögum er foreldrum gjarnan boðið á sýningar eða uppákomur á vegum skólans. Þessar sýningar eru mikilvægar fyrir nemendur því með þeim fá þeir tækifæri til að efla og auka sjálfstraust sitt. Hafa þannig tækifæri til að standa með sjálfum sér og styrkjast í framkomu og framsögn. Einnig er lögð áhersla á að halda veglega árshátíð þar sem nemendur bera hitann og þungan af dagskránni.



Tónskóli

Tónskólinn starfar í nánú samráði við grunnskólann. Í 2. bekk fá nemendur m.a. kennslu á blokkflautu. Reynt er að hliðra til fyrir nemendum í dreifbýli og þeim sem lengst koma að, þannig að þeir geti sótt a.m.k. hluta af tónskólanámi sínu á skólatíma og er það ávallt ákveðið í samráði við umsjónarkennara nemandans.

Samskipti grunnskólans við leikskólann Sjónarhól og FAS

Starfsmenn leik- og grunnskóla vinna náið saman að því að gera skólaskiptin milli leik- og grunnskóla sem auðveldust og lærdómsríkust. Gagnkvæmar heimsóknir eru milli skólastiganna og unnið er eftir sérstakri áætlun sem kallast Brúum bilið. Upplýsingar um nemendur fylgja milli skólastiga.

Samstarfssamningur er í gildi milli FAS og grunnskólans sem miðar að því að gefa nemendum færi á að hefja nám á framhaldsskólastigi áður en þeir ljúka grunnskólaprófi að því tilskildu að þeir hafi náð þeim árangri sem til er ætlast. Það er misjafnt milli ára hvaða áfangar eru í boði í FAS en reynt er að aðlaga stundatöflur skólanna til að koma í veg fyrir árekstra. Náð samstarf er einnig við FAS um kynningu á framhaldsnámi og býðst nemendum í 10. bekk m.a. að fara í viðtal til náms- og starfsráðgjafa í FAS áður en þeir velja námsleið í framhaldsskóla.



Skólaráð

Skólaráð er starfandi við skólann og er það samráðsvettvangur skólastjóra, kennara, nemenda og foreldra um skólahald. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum nemenda, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum foreldra auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Hlutverk skólaráðs er meðal annars að fjalla um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð fylgist með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Það getur veitt skólanum og skólayfirvöldum virkt og uppbyggjandi aðhald og komið með tillögum til úrbóta. Á heimasíðu skólans má m.a. sjá hvaða fulltrúar skipa skólaráðið.

Foreldrafélag

Foreldrafélagið er vettvangur foreldra til að ræða saman um skólastarf. Það getur líka verið vettvangur öflugs félagslífs foreldra og nemenda sem skilar sér í betra andrúmslofti innan sem utan veggja skólans. Tveir bekkjarfulltrúar eru í hverjum bekk skólans og skipuleggja þeir vetrarstarfið. Foreldrafélagið kys sér stjórn. Á heimasíðu skólans má sjá hvaða bekkjarfulltrúar eru í hverjum bekk fyrir sig. Bæjarstjórn styður ötullega við bakið á foreldrafélaginu og getur það sótt um styrk til að standa straum af kostnaði við starfið.

Samstarf við foreldra og forráðamenn

Gott samstarf við foreldra og forráðamenn er mikilvægur þáttur í starfi hvers skóla. Í Grunnskóla Hornafjarðar er lögð mikil áhersla á að eiga sem best og árangursríkast samstarf við foreldra og forráðamenn nemenda og eru þeir alltaf velkomnir í skólann. Á heimasíðu skólans geta forráðamenn fengið upplýsingar um skólastarfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skólans, eins og skólanámskrá, skóladagatal o.fl..

Fjölskylda, skóli og nánasta umhverfi eru sterkustu áhrifavaldar í mótun einstaklingsins. Þar vegur ábyrgð foreldra og forráðamanna þyngst. Mikilvægt er að þeir fylgist vel með skólagöngu barna sinna og stuðli þannig að jákvæðri afstöðu til menntunar. Einnig hafa þættir eins og útivist, nægur svefn og hollt mataræði mikil áhrif á árangur hvers og eins í námi og leik. Það er því mikilvægt að foreldrar og forráðamenn haldi vöku sinni hvað þessa þætti varðar.

Lögð er áhersla á að fylgjast sem best með hverjum nemanda og fer reglulega fram athugun á stöðu hvers og eins. Komi í ljós misbrestur á að nemandi stundi nám sitt eða gleymi oft námsgögnum fer mál hans í eftirfarandi farveg:

- Fyrst ræðir kennarinn einu sinni eða oftast einslega við viðkomandi nemanda.
- Beri það ekki árangur, hefur umsjónarkennarinn samband við foreldra og forráðamenn og er það skráð í dagbók viðkomandi nemanda á www.mentor.is.
- Ef áfram gengur illa hjá nemandanum getur verið leið að boða til lausnateymisfundar.
- Bæti nemandinn sig ekki, boðar umsjónarkennari foreldra / forráðamenn og nemanda í viðtal.
- Komi enn í ljós að misbrestur sé á að nemandinn sinni námi sínu, er máli hans vísað til skólastjórnar og ef þörf er á til nemenda-verndarráðs.

Öll vinna með nemendum fer eftir aldri og þroska þeirra en lögð er áhersla á að vinna eftir hugmyndafræði *uppeldis til ábyrgðar*.

Skólareglur Grunnskóla Hornafjarðar

Í grunnskólalögum er kveðið á um að í hverjum grunnskóla skulu settar skólareglur. Í þeim skuli m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þar skuli einnig koma fram hvernig brugðist sé við brotum á skólareglum. Skólareglur Grunnskóla Hornafjarðar eru kynntar foreldrum árlega m.a. með því að hafa þær í handbókinni ásamt því að umsjónarkennarar fara yfir þær með nemendum við upphaf hvers skólaárs.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri. Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar.

Almenn kurteisi, tillitssemi og virðing er grundvallarstefið í skólastarfinu. Öllum geta orðið á mistök en hver og einn verður að taka afleiðingum gerða sinna og læra af mistökunum.

Í skólanum er unnið eftir uppeldi til ábyrgðar (restitution) sem gengur út á að efla ábyrgð nemenda á eigin hegðun og framkomu og auka öryggi allra í samskiptum. Skólareglurnar taka mið af uppeldi til ábyrgðar og er þeim skipt í tvennt, annars vegar almennar reglur og hins vegar öryggisreglur. Að auki eru reglur um tölvu, síma og snjalltækjanotkun þar sem mörgum reynist erfitt að stjórna notkun sinni á slíkum tækjum. Skólareglur Grunnskóla Hornafjarðar gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

Almennar reglur

Almennar reglur snúast um dagleg samskipti og byggja á almennum siðareglum. Að temja sér að fara eftir þessum reglum er hluti af því að þroskast og fullorðnast og verða ábyrgur þegn í lýðræðissamfélagi. Því er eðlilegt að yngri börn þurfi meiri aðstoð við að temja sér þær en þau sem eldri eru. Almennum reglum er fylgt þegar:

- við sinnum hlutverki okkar
- við komum fram af kurteisi og sýnum tillitssemi
- við berum ábyrgð á eigum okkar
- við berum ábyrgð á gerðum okkar
- við látum aðra í friði.

Viðbrögð ef út af bregður

Brjótí nemandi almennar reglur leitar kennari orsaka þess m.a. með viðtölum við nemanda eða nemanda og foreldra /forráðamenn hans. Gerðar eru áætlanir um úrbætur og nemanda gefst tækifæri til að bæta fyrir brot án frekari viðurlaga. Beri viðtöl og samræður við nemanda ekki árangur og telji kennari sig þurfa að grípa til frekari viðurlaga gerir hann það í samráði við foreldra og forráðamenn. Ítrekuð brot á almennum reglum geta leitt til þess að nemandi þurfi að taka afleiðingum gerða sinna líkt og um brot á öryggisreglu sé að ræða.

Öryggisreglur

Öryggisreglur snúast um að tryggja líkamlegt og andlegt öryggi allra í skólanum. Séu þær brotnar er undantekningarlaust gripið til viðurlaga í samræmi við aldur og þroska viðkomandi nemanda. Öryggisreglur eru brotnar þegar öryggi er ógnað með ögrandi framkomu t.a.m. með:

- andlegum eða líkamlegum meiðingum
- alvarlegum ögrunum eða hótunum
- notkun á tóbaki, áfengi eða öðrum vímuefnum
- vopnum eða ígildi þeirra
- þjófnaði
- skemmdarverkum
- áhættu hegðun.

Viðbrögð ef út af bregður

Séu öryggisreglur brotnar er samstundis gripið til viðurlaga og er máli þá vísað til viðkomandi skólastjórnanda. Skólastjórnandi tekur ákvörðun um næstu skref.

Við brot á öryggisreglum þarf nemandi alltaf að yfirgefa samnemendur sína í lengri eða skemmri tíma í samræmi við eðli og alvarleika brotsins. Oftast þýðir þetta að nemandi þarf að vinna einsamall í einhvern tíma eða missir af frímínútum. Lengd einverunnar fer eftir eðli og alvarleika brotsins og getur verið frá einum frímínútum eða einni kennslustund til þess að vera útilokaður frá því að vera með samnemendum sínum í kennslustundum eða frímínútum í nokkra daga. Teljist brotið alvarlegt getur skólastjórnandi gripið til þess ráðs að vísa nemanda heim til næsta dags eða lengur sé um mjög alvarlegt brot að ræða. Ástæða þess að nemandi þarf að yfirgefa samnemendur sína er fyrst og fremst sú að tryggja öryggi þeirra og gefa nemendum í heild skilaboð um mikilvægi þess að öryggi allra sé í heiðri haft. Tekið skal fram að ítrekuð eða alvarleg brot á öryggisreglum geta leitt til þess að nemandi geti ekki fengið að fara með í ferðir á vegum skólans.

Mikilvægt er að vinna með brot á öryggisreglum þannig að barnið læri og þroskist af mistökum sínum. Það er gert með aðferðum uppbyggingarstefnunnar þar sem rætt er við nemandann og hann hvattur til að koma með áætlun um úrbætur. Áætlun um úrbætur ætti alltaf að vera skrifleg. Til að byrja með fá nemendur aðstoð við að gera slíka áætlun en eftir því sem nemendum vex fiskur um hrygg aukast líkur á því að þeir geti gert slíkar áætlanir hjálparlaust hafi þeir aldur og þroska til. Foreldrar og forráðamenn **fá alltaf upplýsingar brjótí barn þeirra öryggisreglur og sé um alvarlegt brot að ræða gerir nemandinn áætlun um úrbætur í samráði við þá.**

Mataræði

Grunnskóli Hornafjarðar er heilsuefandi skóli, en það þýðir að lögð er áhersla á hollustu og hreyfingu. Í matsal skólans er boðið upp á heita máltíð í hádeginu og salatbar. Öll börn fá ávaxta og grænmetisbita á miðjum morgni í boði sveitarfélagsins. Gjaldtöku fyrir hádegismat er haldið í hófi eins og hægt er.

Áhersla er lögð á að þeir nemendur sem ekki eru í mat hafi með sér hollt og gott nesti.

- **Ekki er leyfilegt að koma með sætabrauð, sælgæti og sæta drykki í skólann.**
- **Neysla orkudrykkja er með öllu bönnuð.**

Símar, spjaldtölvur og tölvunotkun

Skólinn er vel tækjum búinn og eru bekkjarsett af iPöðum á hvoru skólastigi og annað bekkjarsett af Cromebook tölvum. Nemendur í 7. - 9. bekk fá iPada til einkanota í skólanum. Hafi þeir áhuga á að taka iPadinn með sér heim þá geta þeir keypt hann og notað hann jafnt heima og í skóla.

Mikilvægt er að nemendur læri að nýta sér tölvutækni í námi og er unnið með hana í öllum árgöngum. Lögð er áhersla á að styrkja nemendur í að nýta tæknina til náms og fjölbreyttrar vinnu en um leið að auka ábyrgð þeirra sjálfra á því hvernig þeir nota tæknina og til hvers.

Í 1. – 6. bekk er nemendum ekki leyfilegt að koma með fartölvur, síma eða snjalltæki í skólann og mega þeir einungis nota tæki skólans.

Í 7. – 10. bekk mega nemendur koma með fartölvur og snjalltæki í skólann en tækin eru alfarið á þeirra ábyrgð og hlíta verður sérstökum reglum varðandi notkun þeirra. Í skólanum er lögð áhersla á að leyfa nemendum að nota slík tæki í námi ef það er ávinningur af notkun þeirra og nemendur geta frekar nálgast markmið sín með þeim. Við notkun snjalltækja ber að fylgja almennum skólareglum þar með talið að sýna kurteisi og tillitssemi en vegna þess hve mörgum reynist erfitt að stjórna notkun sinni hafa verið gerðar sérstakar reglur um notkun þessara tækja.

Reglur um notkun tölvu, snjalltækja og síma

- Upptaka á hljóði eða mynd er óleyfileg nema með leyfi kennara og þeirra sem verið er að mynda.
- Nemandi **þarf alltaf að fá leyfi** til að nota snjalltæki í kennslustund og hafa heyrnartól í eyranu sé hann að hlusta.
- Símar skulu ávallt vera á hljóðlausri stillingu og án titrings. Þá má **aldrei** nota í kennslustundum.
- Notkun síma eða snjalltækis í prófi þýðir að notandi fær núll í prófinu.
- Þegar kennari eða starfsmaður talar við nemanda sem hefur fengið leyfi til að hlusta og er með heyrnartól í eyranu þá ber nemanda að taka það úr eyranu á meðan talað er við hann.
- Fari nemandi ekki eftir ofangreindum reglum eða fyrirmælum kennara er litið svo á að hann hafi fyrirgert rétti sínum til að vera með snjalltækið eða símann í skólanum.
- Ef nemandi hlítir ekki fyrirmælum kennara eða fer ekki eftir almennum reglum um notkun tækisins getur hann átt á hættu að tækið verði tekið af honum það sem eftir er dagsins.

Punktakerfi

Notast er við punktakerfi í 7. – 10. bekk skólans til að auðvelda kennurum, nemendum, foreldrum og forráðamönnum að halda utan um mætingar og ástundun hjá nemendum. Haldið er utan um punktakerfið á www.mentor.is. Þar merkja kennarar við mætingar, skil á heimavinnu og fleiri þætti og geta foreldrar og nemendur ásamt kennurum fylgst með stöðu mála. Punktur eru gefnir sem hér segir:

- Að skila ekki heimavinnu gefur 1 punkt.
- Að mæta of seint gefur 1 punkt.
- Komi nemandi til kennslustofu eftir að kennsla hefst telst hann seinn.
- Óheimil fjarvist úr kennslustund gefur 3 punkta.
- Komi nemandi 15 mín. of seint eða meira fær hann óheimila fjarvist.
- Brotttekstur úr kennslustund gefur 5 punkta.

Umsjónarkennarar fylgjast með punktastöðu umsjónarnemenda sinna og ræða við nemendur, foreldra og forráðamenn eftir því sem tilefni er til. Notast er við ferli sem tilgreint er hér að framan undir kaflanum *Samstarf við foreldra og forráðamenn* auk þess sem viðurlög við brotum á skólareglum gilda ef ekki næst árangur með almennum viðbrögðum.

Nemandi getur sótt um að fá fellda niður punkta og hækka þannig skólasóknareinkunn sína. Tveir punktar dragast þá frá punktastöðu viðkomandi nemanda fyrir hverja viku sem skólasókn er óaðfinnanleg. Fáir nemandi með slíkan samning punkt, ógildist samningurinn. Aðeins er hægt að sækja um hækkun skólasóknareinkunnar einu sinni á hverri önn.

Skólasóknarkerfi í 1. – 10. bekk - Leyfi og veikindi

Í tengslum við skólasókn nemenda og sem viðbót við skólasóknarkerfi Grunnskóla Hornafjarðar þarf stundum að skoða tilkynnt forföll nánar. Þessi viðbót skólasóknarkerfisins vegna leyfis og /eða veikinda er leið til þess að grípa betur inn í hugsanlegan skólasóknarvanda.

Þegar nemandi er tilkynntur veikur eða í leyfi þarf ávallt að skoða forfallasögu hans í skólanum. **Ávallt skal skoða a.m.k. síðustu þrjá skólamánuði, bæði með tilliti til leyfis og veikinda.**

Greining er gerð á forföllum allra nemenda mánaðarlega. Miðað er við forföll önnur en langtímaveikindi, s.s. vegna slysa eða samfelldra leyfa.

Viðbrögð vegna nánari skoðunar á skólasókn nemenda eru í eftirfarandi þrepum.

Þrep 1 (5 veikinda- og / eða leyfisdagar)

Ef nemandi er með fleiri en 5 forfalladaga, sendir umsjónarkennari bréf til foreldra í gegnum Mentor (Ástundun - bréf til foreldra) og ræðir síðan við foreldra.

Þrep 2 (10 veikinda- og / eða leyfisdagar)

Ef nemandi er með fleiri en 10 forfalladaga, sendir umsjónarkennari aftur bréf til foreldra í gegnum Mentor (Ástundun – bréf til foreldra) og ræðir síðan við foreldra. En ef 80% eða meira af þessum forfalladögum eru veikindadagar, hringir skólahjúkrunarfræðingur heim og tekur erindið upp í Nemendaverndarráði ef þörf þykir.

Þrep 3 (15 veikinda- og / eða leyfisdagar)

Ef nemandi er með fleiri en 15 forfalladaga, boðar umsjónarkennari foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda og tekur erindið upp í Nemendaverndarráði ef þörf þykir.

Þrep 4 (20 veikinda- og / eða leyfisdagar)

Ef nemandi er með fleiri en 20 forfalladaga, boðar skólastjórnandi foreldra til fundar ásamt fulltrúum Nemendaverndarráðs (s.s. hjúkrunarfræðing, námsráðgjafa).

Þrep 5 (30 veikinda- og / eða leyfisdagar)

Ef nemandi er með fleiri en 30 forfalladaga greinir skólastjórnandi Nemendaverndarráði skólans frá skólasókn nemandans sem tilkynnir síðan til Barnaverndar og félagsþjónustu Hornafjarðar og boðar tilkynningafund ef þörf þykir.



Skólaforðun

Hugtakið skólaforðun þýðir að nemandinn forðast skólann af einhverjum ástæðum. Skólaforðun er stundum skipt í fjögur stig en það getur komið að góðum notum þegar verið er að greina vandann.

1. Nemandi mætir ekki í skólann vegna tilfinningaerfiðleika, þar með vegna kvíða og þunglyndis.
2. Nemandi mætir ekki í skólann því hann vill forðast einhverjar sérstakar aðstæður sem eru í skólanum.
3. Nemandi mætir ekki í skólann til að fá athygli frá fjölskyldu eða öðrum í umhverfi sínu. Þeir sem falla undir þennan hóp geta t.d. verið börn með alvarlegan aðskilnaðarkvíða sem þeir hafa þróað með sér til að fá athygli. Þeir geta sýnt áberandi stjórnsama og ögrandi hegðun með miklu látbragði, reiðiköstum, öskrum eða þeir hlaupa í burt.
4. Nemandi mætir ekki í skólann af því aðrir staðir eru áhugaverðari. Þar getum við notað hugmyndaflugið. Þeir geta verið í tölvunni, verslunarmiðstöðinni, sofði, hitta vini eða nota eiturlyf og áfengi.

Þörf er á vitundarvakningu í skólum og hjá foreldrum og sem úrræði er mikilvægt að heimili og skóli vinni saman og fái aðstoð ef þarf. Vandinn er fjölþættur og engin ein lausn til við honum. Það þarf að huga að mörgum þáttum eins og svefni, rútínu, samveru, álagi af vinnu, snjalltækjanotkun og mörgu fleiru.

Fjarvistir, jafnvel þó þær séu vegna veikinda eða annarra eðlilegra orsaka geta áhrif á líðan nemenda.

Eineltisáætlun Grunnskóla Hornafjarðar

Einelti er ekki undir nokkrum kringumstæðum liðið í Grunnskóla Hornafjarðar. Þegar upp kemur einelti eða grunur um einelti er unnið eftir eineltisáætlun skólans en hana má finna á vef skólans. Þar eru einnig eyðublöð sem fólk er beðið að fylla út þegar það tilkynnir um einelti eða grun um einelti. Mikilvægt er að skrá slíkar tilkynningar svo hægt sé að ganga úr skugga um að unnið sé með málið samkvæmt eineltisáætluninni.

Samræmd skilaboð allra fullorðinna í skólasamfélaginu eru mikilvæg til að vinna gegn einelti og góð samvinna skólans við heimilin grundvallaratriði. Einelti fær ekki þrífist nema umhverfið samþykki það og því er fræðsla um eineltismál nauðsynleg þar sem höfuðáherslan er lögð á að allir taki afstöðu gegn einelti og sýni það bæði í orði og verki.

Reglur vegna óhappa, slysa og skemmda í Grunnskóla Hornafjarðar

Í stórum nemendahópi geta alltaf orðið óhöpp og slys. Ef slíkt kemur fyrir hafa starfsmenn skólanna strax samband við foreldra og forráðamenn og/eða fara með nemandann á heilsugæslu ef með þarf. Allir nemendur í sveitarfélaginu eru slysatryggðir meðan þeir dvelja í skólanum. Komi til greiðslu bóta dregst sjálfsábyrgð frá tryggingarupphæð.

Eftirfarandi reglur gilda þegar óhöpp verða:

1. Fyrstu viðbrögð skólans eru að hafa samband við foreldra ef því verður við komið. Jafnframt verði strax farið með nemandann á heilsugæslustöð til aðhlýnningar.
2. Þurfi að leita með nemanda til læknis vegna slyss er það skráð í skólanum. Foreldrum er einnig bent á að láta tryggingafélag sitt vita af slysinu.
3. Greiðsla sjálfsábyrgðar fellur á foreldra.
4. Sjúkrabílakostnað greiðir skólinn slasist nemandi í skólanum eða á þeim stöðum sem nemandi er staddur á vegum skólans.
5. Foreldrar og forráðamenn greiða allan kostnað við heilsugæslu vegna óhapps, t.d. vegna umbúðaskipta. Sá möguleiki er fyrir hendi að stýra þeim á þann tíma sem skólahjúkrunarfræðingur er í skóla viðkomandi nemanda, því þær heimsóknir eru foreldrum að kostnaðarlausu.
6. Varðandi skemmdir eða þjófnað á eigum nemenda er skólinn ekki skaðabótaskyldur nema um vanrækslu sé að ræða. Foreldrum er bent á að athuga tryggingamál sín vel, t.d. að kanna hvort fjölskyldan sé með tryggingar sem bæta t.a.m. brotin gleraugu, þjófnað og fleira.
7. Brjótí nemandi rúðu, t.d. kasti í hana grjóti, sparki o.s.frv. greiða foreldrar og forráðamenn viðkomandi, sjálfsábyrgðina sem og annað tjón sem nemendur kunna að valda á búnaði og/eða eigum annarra í skólanum.
8. Verði nemandi fyrir slysi eða tjóni vegna þess að hann óhlýðnaðist fyrirmælum eða braut settar reglur bera foreldrar og forráðamenn ábyrgð á þeim skaða sem af kann að hljóta.

Bekkjarlistar

1. S

Arnór Darri Torfason	Silfurbraut 4	8668312
Barry Jibb Pepito Mantilla	Bugðuleira 5	8486807
Bergrós Björt Heimisdóttir	Hólabraut 1B	8687324
Elisabet Ósk Hlynisdóttir	Miðtún 11	869 9436
Fríðrik Jarl Bragason	Kirkjubraut 2	8682170
Gabriel Martin Alves	Sandbakki 3	7639625
Gísli Hrafnkell V Snorrason	Kirkjubraut 7	8966446
Halldór Vignir Hannesson	Silfurbraut 4	7764651
Hekla Rán Þorsteinsdóttir	Kirkjubraut 61	8679488
Helena Draumey Hjörvarsdóttir	Kirkjubraut 51	8676282
Lorena Hasan	Bogaslóð 12	8357033
Patrekur Leó Finnsson	Hagaleira 6	8632178
Sigurros Margrét Bjarnadóttir	Hagatún 14	866 0963
Skúli Pétur Helgason	Akurnes 1	8486192
Sólrún Huld Guðjónsdóttir	Hlíðartún 31	6986019
Urður Stígsdóttir	Ránarslóð 10	8681710
Örvar Núi Sindrason	Hrísbraut 4	8481645



2. GS

Anna Margrét Óskarsdóttir	Fákaleira 10B	849 4588
Bella Dís Hauksdóttir	Fiskhóll 7	896 6774
Benedikt Búi Björnsson	Breiðabólss 2 Gerði	4781906
Bergþór Viljar Ágústsson	Hagatún 6	7728171
Eiríkur Atli Friðriksson	Hrísbraut 5	8945368
Eygló Eva Hildeblom	Kirkjubraut 63	8476177
Fjölur Freyr Vésteinnsson	Austurbraut 11	8676631
Freyja Rán Pétursdóttir	Júllatún 13	8991782
Gísli Rúnar Atlason	Hraunhóll 7	8454146
Guðríður Gunnsteinsdóttir	Miðtún 21	8650884
Heiðís Freyja Ágústsdóttir	Silfurbraut 5	456 2234
Herdís Heiða Harðardóttir	Dilksnes	8461746
Hrafney Saga Jónsdóttir	Hæðagarður 19	4781084
Íðunn Arna Halldórsdóttir	Silfurbraut 3	4782252
Jón Þormar Karlsson	Hæðagarður 5	8992062
Katla Hjaltadóttir	Mánabraut 6	6996103
Kolbeinn Darri Steinarsson	Kirkjubraut 62	4782672
Leonard Snær Janusson	Hlíðartún 27	4781386
Máney Erna Gunnarsdóttir	Norðurbraut 12	8484093
Nanna Eir Gunnlaugsdóttir	Hafnarbraut 37	8534999
Patrik Núi Eyþórsson	Mánabraut 2	5716571
Ragnar Sveinn Sindrason	Vogabraut 3	6900203
Sara Mekkín Birgisdóttir	Silfurbraut 7B	6624858
Sigurbjörn Ívar Hólmarsson	Vesturbraut 11 / Álaleira 17	4782296 / 8684587
Sigurður Brynjar Torfason	Silfurbraut 4	8668312
Sigurður Ivan Beic	Hlíðartún 23	478 2584
Skúli Baldur Magnússon	Hæðagarður 12	4781851
Steinunn Lilja Tjörvadóttir	Svalbarð 5	8676604
Tristan Þór Stefánsson	Fákaleira 4C	5177523
Unnsteinn Guðmundsson	Hlíðartún 18	5550553
Valdimar Leó Gíslason	Hrísbraut 13	4782422
Viktor Leví Helgason	Mánabraut 3	6976929

3. ES

Andri Aaron Cruz Barboza	Hlíðartún 26	8685178
Aron Elí Baldvinsson	Hagaleira 5	4782004
Auður Inga Halldórsdóttir	Silfurbraut 3	4782252
Auður Sveinsdóttir	Akurnes 3	4781445
Carolyn Yi Hui See	Sunnubraut 4A	7633108
Daníel Borgar Kristjánsson	Vogabraut 2	4781186
Elín Rós Eymundsdóttir	Silfurbraut 42	4782007
Elís Máni Larsson	Hlíðartún 4	478 1896
Elvar Þór Arnarsson	Norðurbraut 2	4782434
Eydís Diljá Ágústsdóttir	Hlíðartún 17	8440901
Garðar Logi Gunnarsson	Heiðarbraut 4	478 2320
Gerður Lilja Helgadóttir	Akurnes 1	848 6192
Grímur Hlynsson	Stekkaklettur	8690160
Guðbjörg Dálja Björgvinsdóttir	Tjarnarbrú 1	4781728
Guðmundur Búi Bjarnason	Viðborðssel	6640949
Gunnar Leó Rúnarsson	Hlíðartún 11	4781113
Hrafnhildur Sóley Sævarsdóttir	Kirkjubraut 32	5677893
Ilías Zriouil	Silfurbraut 19	4781217
Ingibjörg Matilda Arnórsdóttir	Breiðabólstaður 5	8575027
Jónas Björgvin Axelsson	Sandbakki 2	8478883
Katla Eldey Þorgrímsdóttir	Hraunhól 8	6916929
Kristján Hafberg Sigurbjörnsson	Sunnubraut 8	4782266
Kristófer Örn Stefánsson	Fiskhóll 9	8885979
Laufey Ósk Ásgeirsdóttir	Vogabraut 4	8677414
Natalia Sól Malarz	Svalbarð 1	8653808
Patrekur Freyr Hannesson	Silfurbraut 4	7764651
Sólrún Freyja Traustadóttir	Hólabraut 8	4782560
Steinþór Hauksson	Hrísbraut 11	6920078
Svavar Breki Traustason	Hólabraut 8	4782560
Telma Atieno Okello	Höfðavegur 8	6626746
Tita Maria Tryggvadóttir	Bjarnanes	8489212
Unnur Mist Stefánsdóttir	Fákaleira 4C	6947064
Þorgils Hlynsson	Stekkaklettur	8690160

4. H

Anna Herdís Sigurjónsdóttir	Álaleira 13c	8622769
Aron Fannar Kristinnsson	Álaleira 16	8983044
Ágúst Logi Gíslason	Hrísbraut 13	8662189
Björgvin Ariel Tryggvason	Austurbraut 6	8467308
Björgvin Leó Gunnarsson	Garðsbrún 2	8676628
Bæring Logi Björnsson	Breiðabólssst 2 Gerði	8460641
Böðvar Guðmundsson	Hólabraut 4	7773444
Freyja Margeirsdóttir	Norðurbraut 5	6989998
Garpur Guðjónsson	Hlíðartún 31	6986019
Guðbjörg Lilja Jóhannsdóttir	Heiðarbraut 2	8458315
Gunnar Ernir Garðarsson	Smárabraut 3	8672210
Halldór Kossi Tryggvason	Bjarnanes	8489212
Hinrik Guðni Bjarnason	Hagatún 14	866 0963
Ívar Örn Jónsson	Kirkjubraut 23	6957719
Katla Hlin Þorsteinsdóttir	Kirkjubraut 61	8679488
Kayleigh Rose D. C. Lewandowska	Silfurbraut 8	7741730
Kári Þeyr Ingason	Heiðarbraut 1	6613662
Óliver Snær Ólason	Silfurbraut 1	8618442
Sigurlaug Hrefna Aradóttir	Garðsbrún 3	821 6069
Særós Kristín Þorvaldsdóttir	Svalbarð 4	8418827
Védís María Hafsteinsdóttir	Hagatún 10	8449449
Vilhelm Vigfússon	Hlíðartún 37	8944391



5. S

Adam Bjarni Jónsson	Hafnarbraut 15	8415475
Ari Jökull Óskarsson	Hrísbraut 3	8610345
Áslaug Birna Valgeirsdóttir	Kirkjubraut 17	8232253
Bergur Friðrik Bjarnason	Viðborðssel 1	6640949
Bjarni Magnússon	Hæðagarður 12	8474038
Bjarni Veigar Björnsson	Breiðabólssst 2 Gerði	8460641
Bryndís Björk Hólmarsdóttir	Vesturbraut 11 / Álaleira 1	8618470 / 8684587
Daniel Már Ágústsson	Hlíðartún 17	8440901
Dominyka Mogylaite	Silfurbraut 2	7870855
Einar Björn Einarsson	Austurbraut 13	8987712
Hildur Kara Steinarsdóttir	Kirkjubraut 62	8477426
Hreiðar Logi Árnason	Stórolág 2	8693372
Hörður Þór Finnsson	Sandbakka 13	6992967
Kristinn Logi Ragnarsson	Vesturbraut 7	8687782
Matthías Robel Guðmundsson	Bugðuleira 6	8939285
Sigurður Arnar Hjálmarsson	Hrísbraut 12	6929015
Sóley Guðmundsdóttir	Júllatún 9	6981893
Svanborg Rós Jónsdóttir	Hlíðartún 5	6626630
Theódór Árni Stefánsson	Fiskhóll 9	8885979
Zoila Ýr Pepito Mantilla	Bugðuleira 5	8486807
Zuzanna Maria Treder	Hagatún 11	7618780
Þór Gunnlaugsson	Miðtún 20	8683619
Ægir Þór Sævarsson	Heiðarbraut 5	6905770



6. EI

Alex Leví Gunnarsson	Garðsbrún 2	4781969
Ari Reynisson	Hafnarbraut 45b	4781359
Arnar Ingi Arens Sigfússon	Hólabraut 13	4782425
Bergur Ingi Torfason	Silfurbraut 4	4782469
Björg Kristjánsdóttir	Vogabraut 2	4781186
Björg Sveinsdóttir	Akurnes 3	4781445
Bryndís Jóna Valdimarsdóttir	Hólabraut 12	4782626
Elías Bjarni Eyþórsson	Mánabraut 2	5716571
Emilía Ósk Jóhannsdóttir	Heiðarbraut 2	5645376
Eydís Arna Guðnadóttir	Borg	8544429
Freyja Dís Tjörvadóttir	Svalbarð 5	4781119
Gisli Ólafur Ægisson	Bogaslóð 20	4781012
Guðrún Vala Ingólfssdóttir	Vogabraut 5	5642264
Hafdis Erla Ísaksen Hafsteinsdóttir	Skólalbrú 2	7603720
Hlynur Ingi Finnsson	Hrísbraut 4	4741645
Ívar Goði Bragason	Kirkjubraut 2	4782170
Jóhann Daði Þorsteinsson	Kirkjubraut 61	8679488
Jón Birkir Stefánsson	Skólalbrú 1	4781561
Oliver Ævar Björgvinsson	Fiskhóll 7	4214846
Ólafur Steinar Helgason	Mánabraut 3	5222444
Reynir Þór Pálsson	Austurbraut 14	4781768
Rijad Zahirovic	Tjarnarbrú 16	4781411
Sóley Eir Eymundsdóttir	Silfurbraut 40	8491064
Sunna Dís Birgisdóttir	Silfurbraut 7B	6624858
Þorgerður Jónsdóttir	Austurbraut 2	4782212

7. E

Aðalsteinn Ómar Liljason	Fákaleira 10b	8494588
Anna Dögg Guðmundsdóttir	Hlíðartún 18	6916955
Ágúst Hilmar Halldórsson	Silfurbraut 3	8667540
Áskell Vigfússon	Hlíðartún 37	8944391
Daney Dís Sæmundsdóttir	Árbæ	8611029
Dawid Józef Matulis	Fiskhóll 5	8531384
Þuro Stefan Beic	Hlíðartún 23	8962584
Gabriela Björg Malarz	Svalbarð 1	8653808
Hilmar Freyr Ágústsson	Silfurbraut 5	8659089
Íris Ösp Gunnarsdóttir	Heiðarbraut 4	6634390
Ísold Andrea Andrésdóttir	Hafnarbraut 31	8483763
Jakob Jóel Ágústsson	Kirkjubraut 59	8960304
Jóhann Frans Ólason	Silfurbraut 1	8618442
Karitas Björg Ragnarsdóttir	Smárabraut 13	8918155
Karitas Diljá Björgvinsdóttir	Heiðarbraut 1	6613662
Klara Margrét Jónsdóttir	Hæðagarður 19	8446887
Kristján Reynir Ívarsson	Fákaleira 4a	8940499
Sindri Sigurjón Einarsson	Smárabraut 5	8642472
Stefán Birgir Bjarnason	Hagatún 14	866 0963
Svanhvít Anna Sævarsdóttir	Kirkjubraut 32	5677893
Thelma Björg Gunnarsdóttir	Garðsbrún 2	8676628

8.E

Alex Arnar Dela Cruz Hilmarsson	Silfurbraut 36	6624420
Ágústa Guðrún Lárusdóttir	Sandbakka 20	869 9332
Berglind Stefánsdóttir	Fákaleira 4c	6947064
Birta Ósk Sigbjörnsdóttir	Hlíðartún 27	8668470
Charles Guðmundur Derecho Magno	Sandbakkavegi 6	7776509
Emilía Alís Karlsdóttir	Hólabraut 1b	8687324
Eva Karolína Lárusdóttir	Sandbakka 20	869 9332
Guðlaug Gísladóttir	Hrísbraut 13	8662189
Guðmundur Leví Margeirsson	Norðurbraut 5	6989998

Hannes Þór Guðnason	Hlíðartún 39	8653549
Helga Nótt Austar Egilsdóttir	Austurbraut 15	8929358
Hilmar Lárus Jónsson	Austurbraut 2	8451543
Hilmar Óli Jóhannsson	Heiðarbraut 2	8458315
Ída Mekkin Hlynisdóttir	Stekkaklettur	8690160
Jón Dagur Ísaksen Hafsteinsson	Skólabrú 2	7603720
Kristín Magdalena Barboza	Hlíðartún 26	8685178
Lilja Rós Ragnarsdóttir	Vesturbraut 7	8687782
Rami Ómar Zriouil	Silfurbraut 19	860 8063
Sigurður Gunnlaugsson	Miðtún 20	8683619
Smári Óliver Guðjónsson	Austurbraut 20	6628281
Solyana Natalie Felekesdóttir	Miðtún 3	6959108
Sveinn Óskar Ragnarsson	Hæðagarður 13	8674652
Þorgerður María Grétarsdóttir	Smárabraut 12	8995641

9. S

Anton Kristberg Sigurbjörnsson	Sunnubraut 8	8476634
Arney Hauksdóttir	Hrísbraut 11	6920078
Auður Freyja Gunnlaugsdóttir	Hafnarbraut 37	8534999
Árný Erla Jónsdóttir	Hæðagarður 19	8446887
Birkir Guðni Valdimarsson	Hólabraut 12	8935475
Daníel Haukur Baldvinsson	Hagaleira 5	859 9982
Elín Ósk Óskarsdóttir	Hrísbraut 3	8610345
Emilía Anna Halldórsdóttir	Vogabraut 2	698 6193
Fanney Rut Guðmundsdóttir	Bugðuleira 6	8939285
Friðrik Snær Friðriksson	Borgarhöfn	8666242
Hildur Sunna Einarsdóttir	Smárabraut 5	8642472
Ísabella María Bech	Sandbakki 8	7904004
John Ivan Astorga Einarsson	Silfurbraut 6	8990916
Jóhannes Adolf Gunnsteinsson	Miðtún 21	8650884
Kacper Ksepko	Tjarnarbrú 20	8441503
Karen Hulda Finnsdóttir	Hrísbraut 4	8481645
Kári Hjaltason	Mánabraut 6	6996103

Patrekur Máni Ingólfsson	Vogabraut 5	864 3444
Sigursteinn Ingvar Traustason	Hólabraut 8	8923757
Sverrir Sigurðsson	Sunnubraut 5	8623066 / 8920604
Sævar Óli Helgason	Mánabraut 3	6976929
Vaka Sif Tjörvadóttir	Svalbarð 5	8676604
Vignir Snær Borgarsson	Holtsemi	8572325

10. N

Aðalsteinn Aðalsteinsson	Aðalból	8930475
Arna Lind Kristinsdóttir	Kirkjubraut 62	8477426
Birgir Leó Halldórsson	Bogaslóð 14	8929597
Emir Mesetovic	Silfurbraut 4	8493379
Emma Ýr Friðriksdóttir	Hrísbraut 5	8945368
Eva Ósk Pálsdóttir	Austurbraut 14	7797795
Friðrik Björn Friðriksson	Álaleira 10	8966167
Gunnar Óli Jónsson	Hrísbraut 10	8992176
Heiðís Elva Stefánsdóttir	Skólabrú 1	697 5052
Ingólfur Vigfússon	Hlíðartún 37	8944391
Isabella Tígist Felekesdóttir	Miðtún 3	6959108
Jakob Jón Sæmundsson	Árbæ	8958141
Kjartan Brynjólfsson	Hlíðartún 12	8488828
Kristbjörg Natallía Jakobsdóttir	Hlíðartún 25	8460530
Magndís Lóa Aðalsteinsdóttir	Dalbraut 8	8455730
Magnús Már Vilhjálmsson	Kirkjubraut 21	8622894
Markús Logi Hauksson	Kirkjubraut 17	823 2253
Nína Ingibjörg Einarsdóttir	Kirkjubraut 8	6919365
Petra Rós Jóhannsdóttir	Heiðarbraut 2	8458315
Reynir Snær Gunnarsson	Heiðarbraut 4	663 4390
Róbert Þór Ævarsson	Smárabraut 15	8468586

10. V

Adam Zriouil	Silfurbraut 19	8608063
Alexandra Hernandez	Bugðuleira 3	8452611



Alexandra Nótt Helgadóttir	Mánabraut 3	6976929
Björn Ívar Vilhjálmsson	Kirkjubraut 21	8622894
Brynja Lind Óskarsdóttir	Hæðargarður 13	8674652
Elín Ása Hjálmarssdóttir	Hrísbraut 12	6929015
Erlendur Björgvinsson	Miðtún 1	8578813
Eyvör Stella Þ. Guðmundsdóttir	Múli 1	8598636
Guðmundur Reynir Friðriksson	Borgarhöfn	8666242
Helga Kristey Ásgeirsdóttir	Vogabraut 4	8677414
Lilja Rún Kristjánsdóttir	Kirkjubraut 38	7798135
Magni Snær Imsland Grétarsson	Hagatún 9	8673757
Margrét María Aradóttir	Garðsbrún 3	8216069
Márus Máni Jónsson	Austurbraut 4	8488767
Oskar Karol Jarosz	Hafnarbraut 33	8464420
Sessilía Sól Kristinsdóttir	Álaleira 16	8983044
Sunna Lind Sævarsdóttir	Júllatún 6	8468085

Gagnleg símanúmer

Grunnskóli Hornafjarðar	470 8400
Heppuskóli	470 8410
Hafnarskóli	470 8430
Kátakot / Lengd viðvera	470 8448
Íþróttahús	470 8470
Sundlaug	470 8477
Félagsmiðstöðin Þrykkjan	470 8475
Tónskólinn	470 8460
Sjónarhóll	470 8490
FAS	470 8070
Menningarmiðstöð	470 8050
Fræðslustjóri	470 8002
Húsvörður (Björn Imsland)	894 8413
Skólaakstur	
Guðlaugur	892 1624
Laufey	867 0493

Samskipti heimila og skóla

Rannsóknir sýna að samskipti foreldra og skóla hafa jákvæð áhrif á skólastarf. Á vinningur samstarfs er meðal annars:

- Betri liðan barna í skólanum.
- Aukinn áhugi og bæt看ur námsárangur.
- Aukið sjálfstraust nemenda.
- Betri ástundun og minna brottfall.
- Jákvæðara viðhorf foreldra og nemenda til skólans.
- Aukinn samtakamáttur foreldra í uppeldishlutverkinu.

Áhugi, ábyrgð og áhrif foreldra á skólastarf auk jákvæðra viðhorfa til náms og skólagöngu getur skipt sköpum fyrir námsárangur og almenna velferð nemenda.

Við vinnum vel saman!